

Mál nr. 212/2008

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vatnsveitu.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum bilunar á heimæð þann 26.7.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 22.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 31.10.2008.

Málsatvik.

Þann 26.7.2008 fór í sundur kaldavatsheimæð fyrir utan húsið að L-götu 2g með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í kjallara undir bílskúr hjá M að L-götu 2h. Tjón varð á innbúsmunum sem M geymdi í kjallaranum.

M kveður fyrrgreind hús að L-götu tilheyra raðhúsallengju og orkusölufyrirtækið O hafði fyrr unnið við tvö hús í sömu raðhúsallengju við útskiptingu á sams konar heimæð og bilaði. Hafi það verið gert er unnið var við aðrar lagnir (hitaveitu). O hafi því mátt gera sér grein fyrir að aðrar sams konar heimæðar, u.þ.b.30 ára gamlar, væru veikar fyrir.

M hefur krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu O hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Með aðilum virðist ekki ágreiningur um að heimæð sú er brast og olli tjóninu hafi verið í eigu O og það hafi verið í höndum þess að annast viðhald hennar. Ekkert liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins um að O hafi vitað eða mátt vita að umrædd heimæð væri biluð eða í þann veginn að gefa sig áður en bilunin svo varð. Í þeim efnum getur ekki skipt máli þótt hún kunni að hafa verið komin nokkuð til ára sinna. Þótt tækifæri hafi verið nýtt og heimæðar endurnýjaðar við tvö nágrannahús um leið og unnið var þar við aðrar lagnir þá leiðir það ekki til þess að skylt hafi verið að endurnýja heimæðar við önnur hús í raðhúsallengjunni. Engin opinber fyrirmæli kröfðust þess að O endurnýjaði heimæðina áður en bilunar varð vart. Ströng bótaábyrgð hvílir ekki á O vegna tjóns eins og hér um ræðir. Með því að tjónið verður ekki rakið til vanrækslu starfsmanna O eða annarra atvika sem geta bakað O bótaskyldu fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.